



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 6. FUNDUR Á VORÖNN 2013
ÞRIÐJUDAGINN 9. APRÍL KL. 10:35**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Umsóknir um undanþágur:

- Nemandi sækir um undanþágu frá ensku til stúdentsprófs. Sent til viðkomandi kennslustjóra til umsagnar
- Nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs. Sent til viðkomandi kennslustjóra til umsagnar
- Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs. Sent til viðkomandi kennslustjóra til umsagnar
- Staðfesting skólameistara á undanþágu frá dönsku og þýsku til stúdentsprófs. Staðfesting skráð
- 10 nemendur sækja um undanþágu frá dönsku á framhaldsskólastigi
Staðfesting undanþágu skv.námskrá framhaldsskóla

C. Önnur bréf:

- Nemandi sendir inn bréf vegna ljóðafélags.

Skólaráð fagnar auknum áhuga nemenda á ljóðagerð og vísar erindinu til kennslustjóra í íslensku til umsagnar.

- Nemandi sækir um að taka lokapróf á Sauðárkróki. Vísað til prófstjóra
- Sjö nemendur segja sig frá námi. Skráð í minnisblaði

2. Skólasókn og skólasóknarreglur

Yfirlit skólasóknar nemenda lagt fram. (Fylgiskjal 1)

3. Félagslíf og fjármál NFFG

Ýmislegt er framundan hjá nemendafélaginu. Ráðgert er að halda tónleika í Urðarbrunni í apríl, söngkeppni framhaldsskólanna verður haldin á Akureyri 19.-20.apríl. Fulltrúa skólans eru sendar góðar óskir um gott gengi. Kosningar til stjórnar nemendafélagsins á næsta skólaári fara fram á miðvikudag og fimmtudag. Kosið verður í stofu við hlið fyrirlestrar-salarins. Úrslit verða kynnt í hádeginu á föstudag. Nemendur fóru í skíðaferð til Akureyrar í síðustu viku og tókst hún í alla staði mjög vel. Búast má við heimsókn stjórnmalaflokka á næstunni vegna kosninga til alþingis.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir námsráðgjafi
Atli Guðnason fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Fríða Gylfadóttir fulltrúi kennara
Jenna Karen Sigurðardóttir forseti NFFG
Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi